



Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Mánudaginn 6. nóvember 2017 var haldinn fundur í hafnar- og skipulagsnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 17.00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Ari Jón Þórsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Sigríður Gestsdóttir, Þróstur Líndal og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri. Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi sat fundinn undir 2. lið dagskrár.

Adolf H. Berndsen formaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Höfnin

a. Áherslur í samgöngumálum/Umsókn í samgönguáætlun

Fyrir fundinum minnsblað um áhersluatriði sveitarstjórnar um samgöngumál sem gerð var vegna vinnu SSNV við skilgreiningu á helstu áherslum sveitarstjórna á Norðurlandi vestra í samgöngumálum.

Einnig lá fyrir fundinum umsókn um framlög til hafnarmála vegna gerðar samgönguáætlunar 2018-2021.

Formaður fór yfir helstu atriði í fyrirbyggjandi gögnum. Nefndin ræddi málin en gerði ekki beinar athugasemdir við þær áherslur sem lagðar eru og fram koma í fyrirbyggjandi gögnum.

b. Fjárhagsyfirlit 01.01.17-30.10.17

Í yfirlitinu kemur fram bókfærð staða sem er borin saman við áætlun ársins. Sveitarstjóri fór yfir helstu tölur. Fundarmenn ræddu yfirlitið sem var til kynningar.

c. Reglugerð um öryggismál í höfnum

Fyrir fundinum lá reglugerð nr. 580/2017 um slysavarnir og öryggisbúnað í höfnum. Í reglugerðinni er fjallað um öryggisbúnað hafna og Samgöngustofu falið að hafa eftirlit með að hafnir uppfylli skyldur sínar.

Reglugerðin var til kynningar.

2. Skipulagsmál

a. Lóðablöð fyrir Hólabraut 35 (a-f) staðfesting lóðamarka

Fyrir fundinum lá yfirlitsblað um lóðir fyrir smáhýsi vestan við tjaldstæðið sem áður voru til umfjöllunar á fundi nefndarinnar 14. desember 2016 og kynnt voru með grenndarkynningu í júní 2017. Lóðablöð sem lágu fyrir fundinum voru unnin af Verkfræðistofunni Stoð ehf. Lóðunum Hólabraut 35 F og Hólabraut 35 G var úthlutað til Toppnets ehf. sem hefur verið að setja þar upp smáhýsi fyrir ferðaþjónustu.

Skipulagsnefnd staðfesti lóðamörk Hólabrautar 35 G- F.



b. Staðfesting lóðamarka Einbúastíg 1 og 3

Fyrir fundinum lágu uppdrættir unnar af Verkfræðistofunni Stoð ehf, af lóðum Einbúastígs 1 annars vegar og Einbúastígs 3 hins vegar. Lóðamörk beggja þessara lóða hafa breyst frá umfjöllun um þau og staðfestingu lóðamarka á fundi nefndarinnar 14. desember 2016. Fyrirliggjandi breytingar á lóðamörkum sem eru tilkomnar vegna breytinga á hönnun endurbóta á Einbúastíg 3 og breytinga á legu götunnar sem færast inn fyrir lóðamörk Einbúastígs 1, höfðu verið kynntar eigendum fasteignanna sem gera ekki athugasemdir við lóðamörkin. Skipulagsnefnd staðfesti fyrirliggjandi lóðamörk Einbúastígs 1 og Einbúastígs 3.

c. Umsókn um lóð til byggingar

Fyrir fundinum lá umsókn Ingimars Vignissonar sem sækir um byggingarlóðina Oddagötu 3 til að byggja á henni einbýlishús skv. meðfylgjandi uppdráttum. Svohlóðandi bókun var samþykkt:

„Skipulagsnefnd samþykkir að veita umsækjanda lóðina til byggingar einbýlishúss, jafnframt samþykkt að tímamörk lóðaúthlutunar skuli vera eitt ár en að þeim tíma liðnum skuli annað hvort byggingarleyfi hafa verið samþykkt eða sækja þurfi um lóðina að nýju. Í umsókn kemur fram ósk um að aðkoma að húsinu verði frá Ægisgrund. Skipulagsnefnd samþykkir þá aðkomu enda er hún í samræmi við fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu. Í sömu tillögu er gert ráð fyrir að meginmænisstefna húss á lóðinni skuli vera samsíða Oddagötu og þvert á Ægisgrund. Reiknað er með að þeirri reglu sé fylgt enda samræmist það mænisstefnu húsa við Ægisgrund. Óski umsækjandi eftir fráviki frá þessari reglu þarf nefndin að fjalla um það sérstaklega,

d. Erindi Hestamannafélagsins Snarfara

Fyrir fundinum lá erindi Hestamannafélagsins Snarfara sem óskar eftir heimild til uppsetningar á lokuðu hringgerði vestan við félagshús hestamannafélagsins skv. meðfylgjandi uppdrætti.

Skipulagsnefnd gerði ekki athugasemd við uppsetningu gerðisins en fól sveitarstjóra að kynna eigendum annarra húsa í hverfinu hugmyndina og gefa þeim færi á athugasemdum.

3. Önnur mál.

Péturína las upp nokkur atriði sem hún taldi að betur mætti fara í umgengni um höfnina og lagði fram greinargerð þar sem bent er á að úrbóta sé þörf í viðhaldi og endurbótum. Hún óskað bókað að gera þurfi gangskör að því að koma dekkjamottum í lag og að fjölga þurfi rafmagnstenglum fyrir báta.

Umræður urðu um frágang og umgengni um höfnina.



HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.55

_____	_____
_____	_____
_____	_____